



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

---

# Framtíðarfyrirkomulag orlofsmála fatlaðs fólks

Tillögur starfshóps  
til félags- og húsnæðismálaráðherra

---

Desember 2016

**Framtíðarfyrirkomulag orlofsmála fatlaðs fólks**  
Desember 2016

Útgefandi: Velferðarráðuneytið  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
101 Reykjavík  
Sími: 545 8100  
Bréfasími: 551 9165  
Netfang: postur@vel.is  
Veffang: velferdarraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneytið

© 2016 Velferðarráðuneytið

ISBN 978-9935-477-27-9

# Efnisyfirlit

Inngangur	4
1 Tillögur starfshópsins	5
2 Umframkostnaður vegna fötlunar	6
Viðauki 1 – Leiðbeiningar til sveitarfélaga	7
Viðauki 2 – Listi yfir starfandi orlofsstaði 2016	8

## Inngangur

Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði þann 8. febrúar 2016 starfshóp til að fara yfir orlofsmál fatlaðs fólks. Verkefni hópsins var að kanna möguleika á að setja umgjörð eða sérstakar reglur um framkvæmd orlofsmála fatlaðs fólks og þá þjónustu sem veitt er fötluðu fólk í dag í tengslum við sumarfrí þess og koma með tillögur að framtíðarfyrirkomulagi. Í starfshópnum sitja fulltrúar ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Átaks, félags fólks með þroskahömlun, Landssamtakanna Proskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands.

Starfshópurinn hélt alls níu fundi á tímabilinu 16. febrúar til 29. september 2016. Hópurinn vann meðal annars að gerð leiðbeininga fyrir sveitarfélögin um framkvæmd orlofsmála fatlaðs fólks miðað við óbreytta stöðu mála. Þær leiðbeiningar voru sendar sveitarstjórum og félagsmálastjórum með bréfi, dags. 2. júní 2016. Þá voru sendar spurningar á alla félagsmálastjóra á landinu þar sem leitað var eftir upplýsingum um starfandi orlofsstaði og í kjölfar þess var tekinn saman listi yfir starfandi orlofsstaði. Lagt er til að svæðisbundnir réttindagæslumenn haldi utan um og uppfæri listann árlega eftir bestu þekkingu, þar til ákveðið hefur verið hvernig utanumhaldi verið hagað til framtíðar.

Skjal þetta inniheldur tillögur að fyrirkomulagi orlofsmála fatlaðs fólks til framtíðar. Leiðbeiningarnar og listinn fylgja tillögum þessum.

Meginsjónarmið hópsins um framtíðarfyrirkomulag á framkvæmd orlofsþjónustu við fatlað fólk er virðing fyrir sjálfsákvörðunarrétti einstaklings sem kís að fara í einhvers konar orlofsdvöl. Þá skuli stuðlað að fjölbreytni á öllum sviðum og að hver einstaklingur fái að ráða hvernig hann kjósi að verja sínum orlofstíma. Tryggja þurfi með lagasetningu að starfsemi sem hefur þann megintilgang að veita fötluðu fólk þjónustu þurfi að hafa starfsleyfi til þess að reka slíka þjónustu og að hún falli undir viðkomandi lög, meðal annars um eftirlit með þjónustunni. Einnig þurfi að tryggja að reglulegar gæðaúttektir fari fram þar sem fatlað fólk á oft erfiðara með að átta sig á þeim kröfum sem gerðar eru til aðila sem selja ferðaþjónustu eða hefur takmarkaða möguleika á að koma athugasemendum sínum á framfæri.

Þá var á vettvangi starfshópsins rætt um fjármögnun orlofsþjónustu við fatlað fólk en mikilvægt er að taka tillit til þess að oft er dýrara fyrir fatlað fólk að nýta sér orlofsúrræði vegna starfsmannakostnaðar ef viðkomandi þarf stuðning með sér og vegna þess að fatlað fólk hefur oft ekki sömu réttindi og fólk á vinnumarkaði, til dæmis í orlofssjóðum stéttarfélaga.

Starfshópurinn leggur til að þessar tillögur verði teknar til skoðunar við endurskoðun laga um málezni fatlaðs fólks, sem nú stendur yfir.

# 1 Tillögur starfshópsins

## 1. Tegundir orlofsdvala fyrir fatlað fólk

Orlofsdvalir ætlaðar fötluðu fólkjum þar sem boðið er upp á þjónustu og aðstoð við athafnir daglegs lífs:

- ▶ Lagt er til að krafa sé gerð um starfsleyfi vegna þjónustunnar auk almennra leyfa, svo sem gisstileyrfis. Þannig falli þjónustan undir lög um þjónustu við fatlað fólk og eftirlit ríkis og sveitarfélaga.
- ▶ Réttindagæslumenn eða ráðuneyti haldi lista yfir staði sem hafi starfsleyfi.

Pakkaferðir hjá almennum ferðaþjónustuaðilum:

- ▶ Lagt er til að krafa sé gerð um ferðaþjónustuleyfi og önnur leyfi. Ef ferðaþjónustuaðili býður jafnframt upp á þjónustu vegna fötlunar falli sá þjónustubáttur undir lög um þjónustu við fatlað fólk.

## 2. Skyldur þjónustuveitanda/sveitarfélags til að tryggja gæði þjónustunnar og öryggi einstaklingins

Atriði sem ber að kanna þegar sveitarfélag hefur milligöngu eða semur fyrir hönd fatlaðs einstaklings um orlofsdvöl:

- ▶ Staðsetning.
- ▶ Aðbúnaður; hvað er innifalið og hver er aðstaðan. Opinbert gæðamat.
- ▶ Starfsmenn; hæfisreglur, þar á meðal hreint sakavottorð.
- ▶ Að til staðar sé kynningarefni á auðlesnu máli.

Ef fatlaður einstaklingur semur sjálfur við ferðaþjónustuaðila skal sveitarfélag, þar sem viðkomandi á lögheimili, leiðbeina viðkomandi um ofangreint eftir fremsta megni.

Notendaráð<sup>1</sup> fer með gæðamat.

Fatlaður einstaklingur skal alltaf hafa fastan tengilið við þjónustuveitanda/sveitarfélag og eiga möguleika á að fara heim þegar honum sýnist.

## 3. Kröfur um sértæka þjónustu fyrir fatlað fólk

- ▶ Lagt er til að staðir innanlands sem bjóða upp á sértæka þjónustu hafi starfsleyfi.
- ▶ Gera skal auknar kröfur um gæði þjónustunnar.
- ▶ Gera skal auknar kröfur um virkt eftirlit.
- ▶ Lagt er til að settar verði reglur/viðmið um hæfni starfsmanna orlofsdvala, þjónustu og kostnað vegna þjónustu sem viðkomandi á rétt á lögum samkvæmt.

## 4. Val um þjónustu starfsmanna sveitarfélags

Auka þarf möguleika fatlaðs fólks á að hafa starfsmann með sér sem almennt kemur að þjónustu við viðkomandi í orlofsdvöl.

- ▶ Sveitarfélög eru ábyrg fyrir þeim starfsmönnum sem almennt koma að þjónustu viðkomandi og tryggja þannig gæði þjónustunnar.
- ▶ Starfsmenn sem þjónusta einstakling á heimili hans þekkja þarfir viðkomandi betur en ókunnugur aðili og er því líklegra að viðkomandi fái betri þjónustu frá starfsmönnum sveitarfélagsins.
- ▶ Í gildandi lögum eru gerðar mismunandi kröfur til hæfni starfsmanna sveitarfélaga og til starfsmanna í orlofsdvöl en bæta þarf úr því misräemi.

<sup>1</sup> Notendaráð hafa verið starfandi í formi tilraunaverkefnis í nokkrum sveitarfélögum varðandi þjónustu við fatlað fólk og hefur það fyrirkomulag reynst vel. Hugmyndin er sú að í því sitji fulltrúar ákveðins hóps notenda ásamt fulltrúum sveitarfélags og þar sé til umræðu almenn stefnumótun og áætlanagerð sveitarfélaga í þeim málum sem varða viðkomandi notendur.

## 2 Umframkostnaður vegna fötlunar

Á fundum starfshópsins var mikið rætt um þann umframkostnað sem fatlað fólk þarf að standa undir, sérstaklega í formi starfsmannakostnaðar. Þannig þarf fatlað fólk oft að greiða fyrir ferðir, gistingu og uppihald starfsmanna meðan á orlofi þess stendur og í sumum tilvikum hluta launakostnaðar þeirra. Leitað var leiða til að ná því markmiði að jafna umframkostnað sem hlýst af orlofsferðum. Rætt var um möguleika á frekari aðkomu sveitarfélaga að þessum umframkostnaði og hvort gera ætti ráð fyrir að fatlað fólk geti sótt um styrki vegna þessa. Jafnframt kom til umræðu að í samningum um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) sé gert ráð fyrir viðbótarfjármunum, til dæmis til að mæta kostnaði sem til fellur vegna ferðalaga notenda. Var það afstaða hópsins að sanngirnissjónarmið stæðu því ekki að baki að fatlað fólk sæti ekki við sama borð hvað þetta varðar eftir því hvort það er með NPA-samning eða ekki.

Tillaga er gerð um að flytja þær greiðslur sem nú fara í Orlofssjóð húsmæðra í miðlægan sjóð sem hafi það markmið að jafna þann umframkostnað sem hlýst af orlofi fatlaðs fólk. Um margt er staða fatlaðs fólks sambærileg og staða húsmæðra var, þ.e.a.s að fatlað fólk er margt hvert utan vinnumarkaðar og hefur þar af leiðandi ekki aðgang að niðurgreiddum sumarleyfistilboðum sem felast í stéttarfélagsaild. Auk þess sem kostnaður fatlaðs fólk er oft og tiðum meiri en annara. Sjóðurinn er nú þegar fjármagnaður og væri hægt að halda sömu fjárveitingum en hópurinn sem gæti sótt um í sjóðinn væri annar. Þó kom fram tillaga frá fulltrúum Átaks um að framkvæmdin yrði sú að sveitarfélögin myndu sækja um styrki í sjóðinn ekki einstaklingarnir. Sveitarfélögin myndu standa straum af kostnaði vegna þjónustu einstaklinga í orlofi en geti sótt um styrk vegna tilfallandi umframkostnaðar vegna eftirfarandi þáttu:

- 1) Ferðakostnaðar fyrir aðstoðarmenn.
- 2) Alls viðbótarkostnaðar vegna aðstoðarmanna (ekki vinnulaun).
- 3) Þátttöku í matarkostnaði meðan á ferð stendur – umfram skyldu sveitarfélagsins.

Taka þyrfti þessa tillögu og aðrar til frekari rýni verði ákveðið að vinna frekar með hugmyndina.

# Viðauki 1 - Leiðbeiningar til sveitarfélaga

## Leiðbeiningar til sveitarfélaga vegna sumardvala fyrir fatlað fólk.

1. Hver ákveður hvort, hvert og hvenær einstaklingur fer í sumarfrí eða orlofsdvöl?
  - a. Ávallt skal virða óskir viðkomandi um hvort, hvert og hvenær hann ætlar að fara í orlofsdvöl. Persónulegur talsmaður getur aðstoðað viðkomandi við að skoða þá möguleika sem fyrir hendi eru.
  - b. Í þeim tilvikum sem sveitarfélag eða þjónustuveitandi hefur milligöngu um að einstaklingur fari í orlofsdvöl skal fara að óskum viðkomandi. Ef hann getur ekki tekið ákvörðunina sjálfur, eftir atvikum með aðstoð, skal velja orlof samkvæmt vilja og áhuga viðkomandi. Hafi viðkomandi persónulegan talsmann skal hafa samráð við hann eða aðra sem þekkja vel til haga viðkomandi. Einnig er hægt að hafa samband við réttindagæslumann til að kanna vilja viðkomandi.
  - c. Ef viðkomandi hefur ekki áhuga á að fara í orlofsdvöl skal ætið virða það.
2. Þjónustuveitanda er skylt að tryggja gæði þjónustunnar sem er í boði og tryggja öryggi einstaklingsins. Í því felst athugun á hvort viðkomandi staður sé með öll tilskilin leyfi og hvernig samsetning starfsfólks er, fari starfsmaður ekki með því að viðkomandi.
3. Sveitarfélagið ber ábyrgð á að veita viðkomandi þá þjónustu sem hann nýtur alla jafna, með því að starfsmaður fari með viðkomandi, óski hann eftir því eða með því að greiða fyrir samskonar þjónustu hjá ferðaþjónustuaðila.
  - Ef þjónustan er keypt af ferðaþjónustuaðila þarf að gera samning um hana og ganga úr skugga um að þjónustan sem veitt er sé í samræmi við lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, þ.m.t. að enginn starfsmaður hafi gerst sekur um brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga.
  - Þá skal þjónustuveitandi ætið koma málum þannig fyrir að viðkomandi hafi fastan tengilið við búsetustað/þjónustuveitanda eða við persónulegan talsmann á meðan á orlofsdvöl stendur.
4. Listi yfir starfandi orlofsþjónustur í landinu er einungis yfirlit yfir þekkta aðila sem reka orlofsþjónustu en er ekki ætlað að meta gæði hennar eða öryggi. Listann er hægt að nálgast hjá réttindagæslumönnum fatlaðs fólks. Hagsmunasamtökum og sveitarfélögum er frjálst að birta listann á sínum heimasiðum.
  - Sveitarfélög sem vita af starfandi orlofsþjónustu, sem þau eru jafnvel að nýta sér, og er ekki á lista réttindagæslumanna, ber að koma ábendingum um það til Jóns Þorsteins Sigurðssonar ([jons@rett.vel.is](mailto:jons@rett.vel.is)), réttindagæslumanns.
5. Þjónustuveitandi skal í engu tilfelli loka starfsstöð, og þar með heimilum fólks. Á sú grundvollarregla við á öllum tímum, einnig þegar allir íbúar eru skráðir í sumarfrí.
  - Einstaklingur verður ætið að eiga möguleika á að koma heim til sín, líki honum ekki orlofsdvölin eða vilji hann koma fyrr heim. Skiptir þar engu hvort sá vilji er af ástæðu eða ástæðulausu.

## Viðauki 2 - Listi yfir starfandi orlofsstaði 2016

### Sumardvalir/Orlofsstaðir eftir félagsþjónustusvæðum

1.	Suðurland	Uppsveitir Árnessýslu	Íþróttasamband Fatlaðra / Laugavatni
2.	Suðurland	Árborg	
3.	Höfuðborgarsvæðið	Mosfellsbæ	Reykjadalur <a href="http://slf.is/reykjadalur/sumardvöl/">-slf.is/reykjadalur/sumardvöl/</a>
4.	Norðurland	Akureyri	Björn Eiríkisson, Hrísey
5.	Norðurland	Eyjafjörður	Birna Björnsdóttir, Eyjafirði.
6.	Austurland	Fljótsdalshéraði og Fjarðarbyggð	Sumarbúðir að Eiðum
7.	Vesturland	Borgarfirði/Döllum	Sveit fyrir alla, Norðartungu III, Borgarbyggð
8.	Vesturland	Borgarfjörður/ Döllum	Birna Guðmundsdóttir, þroskaþjálfí. - Helgardvöl í Holti Borgarfirði